

Einka- og trúnaðarmál

Nafn váttryggingartaka  
Heimilisfang 1  
Heimilisfang 2  
Heimilisfang 3  
Heimilisfang 4  
Póstnúmer

Ágúst 2022

Pín tilvísun: TRAN22/ICE

Kæri viðskiptavinur

## VIÐ ÆTLUM AÐ FLYTJA TRYGGINGUNA ÞÍNA TIL PHOENIX LIFE ASSURANCE EUROPE DAC

Með þessu bréfi viljum við láta þig vita að við hyggjumst flytja sumar tryggingar hjá Phoenix Life Limited (Phoenix) og ReAssure Life Limited (ReAssure) yfir í nýtt írskt fyrirtæki innan Phoenix Group sem heitir Phoenix Life Assurance Europe dac (PLAE). Tryggingin þín (eða tryggingar) yrði ein af tryggingum sem verða fluttar til þessa nýja fyrirtækis.

### Hvað ætlum við að gera? Hér eru lykilatriðin

- Við ætlum að flytja alla þýska, íslenska og írsku viðskiptavini, þar á meðal þína tryggingu (eða tryggingar), frá Phoenix til PLAE. PLAE er nýtt fyrirtæki innan Phoenix Group sem er með starfsleyfi og lýtur eftirliti á Írlandi.
- Á sama tíma ætlum við að flytja ákveðna evrópska viðskiptavini frá ReAssure, sem er annað fyrirtæki innan Phoenix Group, til PLAE.
- Við gerum þetta til að tryggja að við getum haldið áfram að veita tryggingaþjónustu eins og þína sem keypt er á Íslandi nú þegar Bretland hefur gengið úr Evrópusambandinu.
- Við höfum sótt um leyfi til Hæstaréttar Englands og Wales og Hæstaréttar Írlands (eingöngu fyrir írskar tryggingar) til að geta flutt reksturinn. Ef báðir dómstólar gefa leyfi gerum við ráð fyrir því að flutningurinn fari fram sunnudaginn 1. janúar 2023.
- Innihald, bætur og skilmálar tryggingarinnar verða óbreytt og verða ekki fyrir áhrifum af fyrirhuguðum flutningi.
- Ef þú borgar iðgjöld breytist það ekki vegna flutningsins.
- Ef þú ert með ábyrgðir breytist það ekki vegna flutningsins.

Í þessu bréfi og meðfylgjandi upplýsingum sést að við vísum endrum og eins til fyrirhugaðra breytinga okkar sem „áætlunarinnar“.

## Hvað verður um trygginguna mína og bætur?

Tryggingabæturnar þínar breytast ekki og það verða engar breytingar á skilmálunum þínum eða ábyrgðum sem kunna að vera til staðar vegna flutningsins.

Engin breyting verður á iðgjöldum þínum eða greiðslumáta iðgjalda vegna flutningsins.

Umsjón tryggingarinnar þinnar verður áfram á Íslandi eins og hingað til. Ef þú hringir með spurningu um trygginguna þína notar þú sama símanúmer og talar við sama fólk og nú gerir núna.

## Hvaða breytingum mun ég finna fyrir?

- PLAE verður ábyrgt fyrir tryggingunni þinni og þú munt sjá vísanir í nýtt heiti fyrirtækisins á upplýsingum sem þú færð.

## Hvað gerist ef ég vil kvarta?

- Réttur þinn til að leggja fram kvörtun hjá umboðsmanni vegna fjármálaþjónustu í Bretlandi (UK Financial Ombudsman Service) verður enn til staðar hvað varðar vandamál sem komu upp fyrir flutninginn. Ef þú ert með kvörtun varðandi vandamál sem komu upp eftir flutninginn ættir þú að beina henni til umboðsmanns vegna fjármálaþjónustu og eftirlauna á Írlandi (Irish Financial Services and Pensions Ombudsman).



Nánari upplýsingar um þetta má finna í 3. kafla í meðfylgjandi leiðarvísi áætlunarinnar.

Ef tryggingin þín fellur eins og er undir bótakerfi breska fjármálaeftirlitsins (**FSCS**) er mikilvægt að hafa í huga að þegar flutningurinn fer fram fellur tryggingin þín ekki lengur undir **FSCS**. Ef tryggingin þín fellur ekki undir **FSCS** breytir flutningurinn ekki stöðu þinni hvað þetta varðar.

**FSCS** er lögboðið kerfi á Bretlandi sem greiðir viðskiptavinum bætur þegar breskt fyrirtæki bregst. Það er ekkert sambærilegt kerfi á Írlandi.

Fjárhagsleg trygging fyrir trygginguna þína verður í umsjón PLAE sem er með starfsleyfi og lýtur eftirliti Seðlabanka Írlands. PLAE þarf að hafa nægilegt fjármagn til að halda áfram að veita fjárhagslega tryggingu, jafnvel þegar fjármálaleg skilyrði eru erfið.

Óháði aðilinn hefur staðfest í skýrslu sinni að með hliðsjón af því hversu litlar líkur eru á vanskilum eða gjaldþroti PLAE, eru ókostirnir við missi FSCS mun færri en kostirnir við bresku áætlunina, að því leyti að breska áætlunin tryggir samræmda og samfellda þjónustu fyrir váttryggingartaka í EES hjá tryggingafélagi innan Phoenix Group.



Nánari upplýsingar um **FSCS** má finna í 3. kafla leiðarvísis áætlunarinnar.

## Hvernig verndum við viðskiptavinum eins og þig?

Viðskiptavinir okkar eru okkur mikils virði og við viljum tryggja að hagsmunir þínir séu varðir. Áður en við flytjum trygginguna þína fylgjum við ströngu ferli sem inniheldur:



Þetta bréf sem útskýrir hvað er að gerast:

Við skrifum þér til að upplýsa þig um fyrirætlanir okkar. Við útskýrum hvað þetta þýðir fyrir þig og gefum þér tækifæri til að spyrja spurninga, koma með ábendingar eða andmæla



Mat óháðs aðila (óháðs sérfræðings):

Við höfum falið óháðum aðila að fara yfir áhrifin sem líklegt er að fyrirætlanir okkar geti haft á váttryggingartaka. Óháði aðilinn er reyndur tryggingafræðingur sem hefur réttindi og hæfi til að meta flutninga af þessu tagi og hefur útbúið skýrslu um flutninginn.



Samráð við eftirlitsyfirvöld:

Við höfum haft samráð við breskar eftirlitsstofnanir, stofnun varúðarreglna (Prudential Regulation Authority), fjármálaeftirlitið og Seðlabanka Írlands til að tryggja að engin andmæli séu við fyrirætlunum okkar.



Beiðni um samþykki frá Hæstarétti Englands og Wales:

Flutningurinn fer eingöngu fram ef samþykki hæstaréttar liggur fyrir.

Hæstiréttur samþykkir flutninginn aðeins ef hann er fullviss um að tillagan uppfylli öll lagaskilyrði og hafi engin veruleg neikvæð áhrif á váttryggingartaka. Hæstiréttur samþykkir flutninginn eingöngu ef rétt er að gera það.

Áætlað er að hæstiréttur taki málið fyrir þann 18. október 2022. Ef dagsetningin breytist færðu upplýsingar um nýja dagsetningu málfutnings fyrir hæstarétti ef þú hringir í okkur og við munum setja tilkynningu á vefsvæði okkar. Við munum einnig senda tilkynningu um nýja dagsetningu til fólks sem hefur lagt fram andmæli eða ábendingu eða greint okkur frá því að þau hyggist mæta á málfutninginn fyrir hæstarétti.

Ef hæstiréttur veitir samþykki sitt gerum við ráð fyrir að flutningurinn fari fram þann 1. janúar 2023 en dagsetningin gæti breyst.

### Hvað gerist ef flutningsdagsetningin breytist?

Ef flutningsdagsetningin breytist látum við þig vita með því að setja tilkynningu á vefsíðu okkar og taka upp skilaboð fyrir upplýsingasímann okkar.

Eftir málfutning fyrir hæstarétti setjum við tilkynningu á vefsvæðið okkar, [www.phoenixlife.co.uk/transfer22](http://www.phoenixlife.co.uk/transfer22), og tökum upp skilaboð fyrir upplýsingasímann til að greina frá ákvörðun réttarins.



Nánari upplýsingar um ferlið sem við fylgjum má finna í 2. kafla leiðarvísis áætlunarinnar.

### Andmælaréttur þinn

Þú átt rétt á að koma með ábendingar eða andmæli ef þú telur að fyrirhugaður flutningur gæti haft neikvæð áhrif á þig. Hæstiréttur Englands og Wales mun taka tillit til þessara andmæla við ákvarðanatöku.



Í 4. kafla leiðarvísis áætlunarinnar má finna upplýsingar um hvernig leggja má fram ábendingu eða andmæli og hvernig við látum hæstarétt og eftirlitsaðila vita af öllum andmælum sem okkur berast.

## Hver er ástæðan fyrir þessu?

Þar sem Bretland hefur gengið úr Evrópusambandinu er Phoenix (fyrirtæki sem er skráð og með starfsleyfi í Bretlandi) ekki lengur með sömu réttindi og áður gagnvart Evrópusambandinu sem gerðu því kleift að stunda viðskipti utan Bretlands.

Þetta þýðir að Phoenix getur ekki lengur veitt fulla þjónustu fyrir tryggingar sem seldar eru utan Bretlands. Til þess að tryggja að við getum haldið áfram að veita þjónustu fyrir tryggingar eins og þína, sem seld er á Íslandi, leggjum við til að þær verði fluttar til PLAE. PLAE er skráð á Írlandi, sem tilheyrir Evrópusambandinu, og verður með starfsleyfi og lýtur eftirliti Seðlabanka Írlands.

## Hvað þarf ég að gera?

Gefðu þér smástund til að lesa bæklingana „Leiðarvísir áætlunarinnar“ og „Svör við spurningum þínum“ sem fylgja þessu bréfi.

Þessir bæklingar veita þér nánari upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar. Einnig má finna meiri upplýsingar á vefsvæði okkar á [www.phoenixlife.co.uk/transfer22](http://www.phoenixlife.co.uk/transfer22).

Það er mikilvægt að þú látir aðra sem eiga hagsmuna að gæta varðandi trygginguna þína vita af fyrirætlunum okkar. Þetta gæti verið tilgreindur bótaþegi, fjárvörslumaður í gjaldþroti, skiptastjóri, fulltrúi einstaklinga eða framsalshafi.

Við leggjum til að þú geymir þetta bréf og bæklingana hjá upphaflega tryggingarskírteininu þínu.

## Einhverjar spurningar?

Ef þú hefur einhverjar spurningar, hefur áhyggjur af því hvernig fyrirhugaður flutningur getur haft áhrif á trygginguna þína eða vilt að við förum yfir fyrirætlanir okkar með þér skaltu hafa samband. Upplýsingasíminn okkar verður opinn þangað til daginn fyrir málflutning hæstaréttar.



Upplýsingasími: 00 354 553 6688\*  
Mánudaga til föstudaga: 10:00 til 16:00  
Lokað á almennum frídögum.  
Mögulegt er að við tökum upp og fylgjumst með símtölum.  
\*Rukkað er fyrir símtöl samkvæmt venjulegum taxta.



[www.phoenixlife.co.uk/transfer22](http://www.phoenixlife.co.uk/transfer22)



Phoenix Life Þjónustudeild  
Tryggingamiðlun Íslands  
Hlíðasmári 12  
201 Kópavogur  
Ísland

Gættu þess að gefa upp tilvísunarnúmerið þitt sem er efst í þessu bréfi.

Okkur er annt um viðskiptavinum okkar og við viljum sinna þér og tryggingunni þinni vel, bæði núna og í framtíðinni. Þessar fyrirætlanir eru næsta skref á vegferð okkar til að veita bestu þjónustu sem við getum.

Virðingarfyllt



Andy Moss  
Forstjóri  
Phoenix

**Ef þú vilt fá þessar upplýsingar á prenti með stærra lettri, á blindraletri eða sem hljóðupptöku vinsamlegast hringdu í okkur í síma 00 354 553 6688.**